



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## **ALÞJÓÐLEG RÁÐSTEFNA UM NÝSKÖPUN OG ENDURREISN UM 300 FORYSTUMENN FUNDA Á ÍSLANDI Í JÚNÍ**

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson heldur í dag, fimmtudaginn 20. október, ræðu á ráðstefnu PopTech samtakanna í Bandaríkjunum. Ráðstefnuna sækja mörg hundruð forystumenn í upplýsingatækni, nýsköpun, náttúruvernd og efnahagslegri og samfélagslegri þróun. Meðal þátttakenda eru stjórnendur frá fyrirtækjum eins og Google, Microsoft, YouTube, National Geographic og fleiri slíkum.

Í framhaldi af ræðu forseta verður tilkynnt að PopTech muni efna til stórrar alþjóðlegrar ráðstefnu á Íslandi í júní. Verður hún haldin í Hörpu. Ráðstefnan er helguð umræðum um endurreisn og nýsköpun, hvernig samfélög geti á árangursríkan hátt glímt við kreppur, náttúruhamfarir og áföll. Um 300 forystumenn munu sækja ráðstefnuna frá fyrirtækjum og rannsóknarstofnunum í upplýsingatækni, nýsköpun, hönnun, fjölmiðlun og samfélagslegri stefnumótun.

Í ræðu sinni í dag fjallar forseti um ýmsa lærdóma sem draga má af reynslu Íslendinga í kjölfar bankahrunsins, aðgerðir á vettvangi efnahagslífs, þjóðmála og lýðræðis, og hvernig upplýsingatækni hefur gert almenningi kleift að láta að sér kveða. Einnig rekur hann framlag upplýsingatækni til að efla viðvaranir og björgunarstörf í kjölfar náttúruhamfara.

*20. október 2011*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946) og Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028).*